

Þingskjal nr. 1

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að fækka fulltrúafjölda aðildarfélaganna á landsþingum LH.

Í lögum LH um Landsþing, kafla 1.2.2. segir í annarri málsgrein; "Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv."

Greinin breytist í: "**Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 125 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 126-250 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 251-375 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv. Þau félög sem hafa 1 þingfulltrúa geta tekið með sér áheyrnarfulltrúa sem hefur rétt á þingsetu en ekki atkvæðarétt**"

Greinargerð:

Félagsmenn í LH árið 2008 eru 11.247 og fer fjölgandi ár frá ári. Á síðasta landsþingi áttu 146 þingfulltrúar rétt til þingsetu og máttu ekki vera fleiri til þess að hægt væri að halda þingið í Borgarnesi. Með þessu áframhaldi fjölga fulltrúum á landsþingum LH jafnt og þétt og erfiðara verður að finna þingstaði sem taka við öllum þessum fjölda, bæði í gistingu og með fundarstað. Það færir einnig í vöxt að þingfulltrúar taki með sér maka og verður þá að vera næg gistirými. Ánægjulegt er að félagsmönnum fjölgi í LH en þinginu eru að sama skapi settar þær skorður að geta einungis verið á stórum þéttbýlisstöðum á landinu.

Fjöldi félaga í LH 2008

Félag:	samtals félagar	þingfulltrúar 2008	þingf. miðað við breytt lög	Áheyrnarfulltrúar
Adam	27	1	1	1
Andvari	627	9	6	
Blær	110	2	1	1
Dreyri	193	3	2	
Faxi	278	4	3	
Fákur	1.640	22	14	
Feykir	62	1	1	1
Freyfaxi	191	3	2	
Funi	145	2	2	
Geisli	25	1	1	1
Geysir	666	9	6	
Glaður	153	3	2	
Glófaxi	34	1	1	1
Glæsir	103	2	1	1
Gnýfari	84	2	1	1
Goði	15	1	1	1

Grani	54	1	1	1
Gustur	643	9	6	
Háfeti	94	2	1	1
Hending	63	1	1	1
Hornfirðingur	135	2	2	
Hringur	139	2	2	
Hörður	711	10	6	
Kinnskær	27	1	1	1
Kópur	100	2	1	1
Léttfeti	223	3	2	
Léttir	611	9	5	
Ljúfur	162	3	2	
Logi	204	3	2	
Máni	523	7	5	
Neisti	163	3	2	
Sindri	148	2	2	
Skuggi	194	3	2	
Sleipnir	399	6	4	
Smári	268	4	3	
Snarfari	21	1	1	1
Snæfaxi	61	1	1	1
Snæfellingur	143	2	2	
Sóti	131	2	2	
Stígandi	256	4	3	
Stormur	70	1	1	1
Svaði	143	2	2	
Sörli	760	11	7	
Trausti	103	2	1	1
Þjálfí	88	2	1	1
Þráinn	51	1	1	1
Þytur	206	3	2	
Samtals:	11.247	171	119	19

Þingskjal nr. 2

Flytjandi: hestamannafélagið Andvari

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi um reiðvegamála:

- 1) LH sjái um vöktun á skipulagi sveitarfélaga varðandi reiðleiðir
- 2) Reiðvegamála verði sýnilegri í fjölmiðlum og almennri umræðu
- 3) LH sjái til þess að Kóningsvegur verði endurbýggður sem reiðleið
- 4) LH sjái til þess að samþykktu þingskjali nr. 22 frá síðasta landsþingi LH verði fylgt eftir

Greinargerð:

Mjög erfitt er fyrir hestamannafélögin í landinu að fylgjast með breytingum á skipulagi sveitarfélaga varðandi reiðleiðir. Mikilvægt að LH sjái um þennan málaflokk og ráði til þess fagaðila sem sér um þessi mál

Mikilvægt er fyrir hinn almenna útreiðamann að hafa góðan aðgang að upplýsingum um reiðleiðir á einum stað. Heimasiða LH er góður vettvangur fyrir slíkt. Einnig að LH stuðli að því að reiðvegamála verði sýnilegri í fjölmiðlum og í almennri umræðu.

Erfitt hefur verið að ríða hinn gamla Kóningsveg þar sem bændur hafa klippt hann í sundur með girðingum. Gaman væri að byggja upp að nýju þessa reiðleið. Mikilvægt að LH hafi forystu í þessu máli.

Umferð vélknúinna ökutækja er orðin óþolandi á merktum reiðvegum. Mikilvægt er að LH hraði sem mest þeirri vinnu sem hafin er varðandi þessi mál.

Þingskjal nr. 3

Flytjandi: hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að beina því til Fagráðs í hrossarækt að það komi fram með þá vinnureglu á yfirlitssýningum kynbótahrossa, að um leið og dómara hafa ákveðið að hækka hross þá sé það tilkynnt á meðan hrossið er í braut.

Greinargerð:

Þetta yrði til mikils hægðarauka fyrir knapa þar sem þeir geta þá einbeitt sér að öðrum hæfileikabáttum sem ætlunin er að hækka í einkunn. Einnig myndi þetta auðvelda áhorfendum að fylgjast með sýningum og skilja dóma.

Þingskjal nr. 4
Flytjandi: hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að endurskoðaðir reikningar Landsmóts ehf. verði kynntir kjörnum fulltrúum félaganna á Landsþingum svo og bráðabirgðauppgjör þess móts sem nýafstaðið er.

Greinargerð:

Þar sem Landsmót ehf. er að stórum hluta í eign Landssambands hestamannafélaga er í raun eðlilegt og sjálfsagt að reikningar Landsmóts ehf. séu kynntir á landsþingi. Samtök sem vilja kalla sig opin og lýðræðisleg geta ekki búið við það að reikningar eins helsta viðburðar þeirra séu ekki kynntir svo árum skiptir. Slíkt getur aðeins leitt til óraunhæfrar og ómálefnalegrar umfjöllunar meðal hestamanna um málefni mótsins.

Þingskjal nr. 5
Flytjandi: hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að beina því til stjórnar Landssambands hestamannafélaga að nefndir á þess vegum skili af sér tillögum fjórum vikum áður en tillögufrestur hestamannafélagana rennur út.

Greinargerð:

Það myndi auðvelda alla undirbúningsvinnu í hestamannafélögunum ef þingfulltrúar fengju að sjá þær tillögur sem nefndir LH ætla að leggja fram á landsþinginu. Oft er verið að velta fyrir sér eða fjalla um sömu málefni og gott að vita fyrir fram hvaða tillögur nefndir LH ætla að leggja fram - eða ekki leggja fram. Þannig gætu þingfulltrúar undirbúið sig betur og öll undirbúningsvinna verið markvissari.

Þingskjal nr. 6
Flytjandi: hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að beina því til stjórnar Landssambands hestamannafélaga að millipinganefndir skili af sér þeim málum sem beint er til þeirra frá landsþinginu fyrir formannafundina sem haldnir eru árin á milli landsþinga

Greinargerð:

Þetta yrði til þess að unnið er hraðar í málum sem annars vilja „sofna“. Þá yrði hestamannafélögunum gerð grein fyrir afgreiðslu millipinganefnda og hefðu þau þá góðan tíma til að kynna sér og sínum félagsmönnum efnislegan þátt tillagnanna.

Þingskjal nr. 7**Flytjandi: hestamannafélagið Fákur**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að í gæðingakeppni skuli yfirferð í unglingsflokkri riðin á tölti.

Greinargerð:

Það er ekki sanngjarnt að gefin sé tvisvar einkunn fyrir sömu gangtegund (brokk). Einnig er þessi breyting í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í reiðmennsku í þessum flokki.

Álit keppnisnefndar LH:

Með þessari tillögu eru rök á báða bóga og tillagan er vel þingtæk.

Þingskjal nr. 8**Flytjandi: hestamannafélagið Fákur**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að í úrslitakeppni í gæðingakeppni, öllum flokkum, skuli sýna hið minnsta tvær langhliðar upp á hvora hönd á þeirri gangtegund sem um er beðið til að fá meðaleinkunn eða hærra.

Greinargerð:

Í núgildandi lögum er ekki nógu skýrt tekið fram hvernig verkefnið skuli riðið og auðveldar þetta dómurum starfið.

Álit keppnisnefndar LH:

Tillagan eins og hún hljóðar getur vart talist leysa það vandamál sem fram kemur í tillögunni og greinargerðinni.

Tilfinning keppnisnefndar er að þessi tillaga sé einkum fram komin vegna brokksýninga og þeirra vandamála sem þetta hefur valdið keppendum, einkum í úrslitum. Það er hinsvegar samdóma álit að tillagan hafi bæði kosti og galla. Gallarnir eru þeir að dómahefð s.s. á hægu tölti og tölti í A flokki myndi raskast verulega ef þessi tillaga yrði samþykkt.

Keppnisnefnd varpar þeirri hugmynd fram hvort ekki megi fá betri niðurstöðu með því að breyta röð gangtegunda þannig að brokk verði fyrsta gangtegund í úrslitum og hestarnir komi þannig heitir en ekki uppspenntir inn í brokksýningu, eins og verða vill þegar þeir hafa fetað lengi við einkunnaupplestur.

Samkvæmt tillögunni er þetta skref í að færa gæðingakeppnina nær íþróttakeppni, gerir örviljugum gæðingum erfiðara fyrir. Mælst er til að dómara taki tillit til þessa í dómum á vilja og feegurð í reið.

Þingskjal nr. 9

Flytjandi: hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafli 4.2 um styrkleikaskiptingu opins flokks

Bætt verði við „Ungmönnum er heimilt að keppa í meistaraflokki hafi parið (knapinn og hesturinn) náð lágmarkseinkunn til þess. Eftir að keppnisparið hefur tekið þátt í meistaraflokki einu sinni á keppnisárinu þá verður það að keppa í viðkomandi grein í þeim flokki út keppnisárið þ.m.t. á Íslandsmóti fullorðinna en hefur ekki rétt til að keppa í ungmennaflokki á Íslandsmóti barna-, unglinga og ungmenna í viðkomandi grein. Árangur í meistaraflokki telst ekki til stigasöfnunar í ungmennaflokki.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd telur að þessi tillaga óbreytt skapi meiri vandamál en hún leysir og telur aldursflokkaskiptingu góða eins og hún er og ekki rök til þess að raska henni. Bendir raunar á að Norrænir sportfulltrúar hyggjast færa aldursflokkamörk sín t.d. á Norðurlandamótum til samræmis við aldursflokkaskiptingu á Íslandi.

Kafli 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti.

Núverandi 1. málsgrein er eftirfarandi: Á Íslandsmóti fullorðinna er keppt í meistaraflokki og 1. flokki. Knapa á Íslandsmóti fullorðinna er einungis heimilt að keppa í einum styrkleikaflokki í hverri grein.

Eftir breytingu er fullorðinna fellt út: Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í meistaraflokki og 1. flokki. Knapa á Íslandsmóti er einungis heimilt að keppa í einum styrkleikaflokki í hverri grein.

Álit keppnisnefndar:

Á einungis við ef breytingartillaga um grein 4.2. hér að framan verður samþykkt.

Þingskjal nr. 10

Flytjandi: hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Ef knapi ætlar að keppa á öðrum hesti en hann skráður með, skulu þær breytingar berast mótsstjórn í seinasta lagi sólarhring áður en mót hefst.

Greinargerð:

Mót í hestaíþróttum kostar mótstjórn mikla skipulagsvinnu og það skapar mótshöldurum mjög mikla vinnu þegar knapar eru að tilkynna breytingar á hesti um leið og keppnisgreinin byrjar. Mótaforritin gera heldur ekki ráð fyrir breytingum eftir að mót eru byrjuð og fer því mikil vinna og tími í að reyna að koma þessum breytingum inn. Einnig eru knapar yfirleitt búnir að ákveða a.m.k. sólarhring fyrir mót hvaða hesti þeir ætla að keppa á svo það myndi spara mótshöldurum mikla vinnu og létta þeim mótsdagana ef þessar breytingar væru tilkynntar sólarhring áður en mót byrjar.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd telur að hér eigi að aðlaga tölvukerfi að þeim kröfum og reglum sem við keppum eftir en ekki öfugt.

Þingskjal nr. 11**Flytjandi: hestamannafélagið Geysir**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að beina því til stjórnar LH að beita sér fyrir því að það verði að reglu að dregið sé um rásröð keppenda á alþjóðlegum mótum. Tillaga vegna kafla 2.8.5. í lögum og reglum LH.

Greinargerð:

Oft hefur komið upp sú umræða að ekki sé sama hvar í rásröð keppendur lenda. Við teljum að slík umræða eigi ekki rétt á sér og að almenna reglan eigi að vera sú að dregið sé um rásröð á öllum mótum þar sem keppt er á íslenskum hestum.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd styður þessa tillögu og semja þarf tillögu þessa efnis fyrir þing FEIF.

Þingskjal nr. 12**Flytjandi: hestamannafélagið Geysir**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir breytingar á kafla 8.7.4.2. og 8.7.4.3. í lögum og reglum LH: að sýning á skeiði fari fram á beinni braut, ekki inná hringvellingum eins og verið hefur.

Greinargerð:

Það hefur komið í ljós og verið mikið um það rætt hversu erfiðar þessar aðstæður eru fyrir fimmgangshesta og vægt til orða tekið þá hefur þessi sýningarmáti verið umdeildur. Leggjum því til að skeiðið verði fært á hærra plan og notast verði við beina braut til skeiðreiðar í fimmgangskeppni.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd styður þessa tillögu alls ekki og vísar til álits síns frá í mars.

Þingskjal nr. 13**Flytjandi: hestamannafélagið Geysir**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir breytingar á kafla 7.8.1. um að það fyrirkomulag sem notað hefur verið í undankeppni gæðingasýninga, þ.e. forkeppni verði lagt niður og þess í stað komi 1 hestur í dóm á hringvellinum í einu.

Greinargerð:

Teljum við það eðlilegt að keppandi, sem hlotið hefur keppnisrétt á Landsmóti, fái að sýna sitt prógram og fái dóm samkvæmt því. Vísum jafnframt, í þessu samhengi, í tillögu um fækkun keppenda í gæðingakeppni á Landsmóti.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd styður ekki þessa tillögu og bendir á að ein rökin fyrir því að taka upp sérstaka forkeppni var lengd keppnisgreinarinnar og að aðstæður geta breyst algerlega á 8-9 klst. á Landsmóti.

Þingskjal nr. 14**Flytjandi: hestamannafélagið Geysir**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir breytingar á kafla 6.5. í lögum og reglum LH um val hrossa og keppenda á Landsmót. Lagt er til að 80 hestar hljóti keppnisrétt, í hverjum flokki, á Landsmóti. Lagt er til að hvert aðildarfélag innan LH hljóti keppnisrétt fyrir 1 hest í hverjum flokki til keppni á Landsmóti. Að öðru leyti ræðst keppnisréttur eftir einkunn viðkomandi hests á viðurkenndu úrtökumóti fyrir Landsmót þar til lokafjölda (80) innan hvers flokks er náð

Greinargerð:

Það hefur víða komið fram í máli manna um langt árabíl að dagskrá Landsmóta er of þétt skipuð. Fjöldi keppnishrossa er of mikill, þetta er vitað, en ekki hefur verið brugðist við að marki. Teljum rétt að koma fram með tillögu sem þessa í því ljósi að fækka keppnishrossum og auka þannig svigrúm í dagskrá Landsmóta. Að auki gæti þetta leitt til þess að auka styrkleika í einstökum flokkum gæðinga og gleðja þannig enn frekar augu áhorfenda.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd styður þessa tillögu ekki. Framkvæmd „viðurkenndra“ úrtökumóta er gífurlega flókin

Þingskjal nr. 15

Flytjandi: hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir breytingar á kafla 7.4.3. í lögum og reglum LH, viðbót/árétting: keppnistilhögun í A flokki gæðinga, lagt er til að heimilt verði að hefja keppni á brautarenda (175m braut) á skeiðsýningu í keppni alhliða gæðinga.

Greinargerð:

Með því að heimila skeiðsýningu í byrjun teljum við að hægt sé að ná fram hagræði í sýningarhaldi, tímasparnaði o.fl. Auk þess sem að keppandi nýtur þess að fá að ráða enn frekar en áður hvernig sýningin fer fram.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd styður ekki þessa tillögu. Ástæða þess að farið var fram á að byrja sýningu inni á hringvelli er sú að þegar það var leyft að byrja á enda, voru menn að sýna mjög ruglingslega og dæmi um algera misnotkun þessa. Flækir mál enn frekar hvernig sýna má hross á hringvellingum.

Þingskjal nr. 16

Flytjandi: hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir breytingar á kafla 6.1 í lögum og reglum LH, breytingu á þriðju setningu greinarinnar. Setningin verði svo eftir breytingu: “Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mót sem um ræðir.”

Greinargerð:

Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að viðkomandi staðarhöldurum gefist lengri tími til undirbúnings en verið hefur. Skapar auk þess betri skilyrði varðandi ákvarðanir er tengjast framkvæmdum og fjármögnun þeirra. Í þessu ljósi er nauðsynlegt að ákveða Landsmótsstað fyrir LM 2012 og innan tíðar LM 2014.

Þingskjal nr. 17

Flytjandi: hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir breytingar á kafla 8.7.7.4 í lögum og reglum LH, viðbót, varðandi framkvæmd dóma í gæðingaskeiði: “Lagt er til að tími keppenda í gæðingaskeiði verði alltaf gefinn upp á undan einkunn fyrir niðurbætur.”

Greinargerð:

Tilgangurinn með þessari tillögu er að hraði hestanna fái að njóta sín betur og samspil knapa og hests í niðurrægingu komi skýrar fram í einkunn dómara.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd styður þessa tillögu. Farið er fram á í dómaraleiðara að meta hraða með takti og sjálfsagt er að hnykkja á þessu með þessari framkvæmd.

Þingskjal nr. 18
Flytjandi: hestamannafélagið Gustur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að notkun félagsjakka hestamannafélaganna sé skylda á öllum þeim mótum sem haldin eru og eru lögleg og opin. Félagssjakki undirstrikar að keppandi er fulltrúi félags innan Landsambands hestamannafélaga.

Greinargerð:

Þar sem keppendur koma inn á mótin sem fulltrúar sinna félaga er eðlilegt að þeir klæðist félagsbúningum. Það er orðið allt of mikið um að félagsmenn klæðist ýmsu búningum sem tengjast þeirra félagi ekkert. Þessi þróun er ekki til góðs og er þessi tillaga því sett fram til að undirstrika mikilvægi hestamannafélaganna.

Þingskjal nr. 19
Flytjandi: hestamannafélagið Hornfirðingur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að stofna jöfnunarsjóð til jöfnunar aksturskostnað vegna dómara til þeirra félaga sem þurfa að fá dómara langt að.

Greinargerð:

Lítill félög eru farin að sjá fram á það að geta aðeins haldið mót annað hvert ár vegna dómarakostnaðar og þá aðallega vegna bifreiðakostnaðar.

Þingskjal nr. 20
Flytjandi: hestamannafélagið Hornfirðingur

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 leggur til að stjórn og fræðslunefndir íhugi betur fundar og námskeiðsstaði sína með tilliti til fundarmanna svo að þeir þurfi ekki að aka meir en 1:30 klst. á áfangastað.

Greinargerð:

Það er ekki ásættanlegt að félög þurfi að aka allt að 3 klst til að komast á námskeið eða fund sem jafnvel er haldinn að kvöldtíma á virkum degi og eiga þá eftir að aka heim aftur.

Þingskjal nr. 21**Flytjandi: hestamannafélagið Léttir**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að á Íslandsmóti fullorðinna í hestaþróttum verði einungis keppt í einum flokki í hverri grein. Einungis þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) hafa rétt til þátttöku. Lágmarkseinkunn og lágmarkstími verði skilgreindur nánar.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur mikill fjöldi keppenda verið á Íslandsmótum og hafa gæði sýninga verið æði misjöfn. Keppnin getur því orðið langdregin og dregur ekki að sér marga áhorfendur. Við teljum að með því að setja lágmark verði Íslandsmótið í hærri gæðaflokki, skemmtilegra og dragi fleiri áhorfendur að. Ennfremur finnst okkur skjóta skökku við að vera að krýna Íslandsmeistara í tveimur gæðaflokkum í hverri grein.

Álit Keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd styður þessa tillögu en koma þarf henni á lagabreytingaform.

Keppnisnefnd vill meina að mótið verði áhorfendavænna á þennan hátt, gæði mótsins eykst, bæði hvað varðar hestakost auk þess sem meiri áskorun er fyrir knapa og hesta að sýna sýningar með gangskiptingum á ákveðnum stöðum.

Keppnisnefnd gerir að tillögu sinni að henni verði falið að ákveða lágmark á hverju ári í febrúar, en það verði ekki bundið í lögum, til þess að hægt verði að bregðast við of mikilli/lítilli þátttöku með því að hækka/lækka lágmark. Þess verði gætt í upphafi að lágmark verði ekki of ströng.

Þingskjal nr. 22**Flytjandi: hestamannafélagið Logi**

Lagt fyrir: _____

Ályktun:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að beina þeim tilmælum til keppnisnefndar að taka til umfjöllunar styrkleikaskiptingu í barna-, unglunga- og ungmennaflokkum.

Álit keppnisnefnd LH:

Keppnisnefnd styður þessa tillögu og telur sjálfsagt að leggja vinnu í að móta reglur um þetta mál og efla þannig framfarir í reiðmennsku yngri flokka. Hún telur að rétt sé að vísa þessu til keppnisnefndar LH til frekari úrvinnslu.

Þingskjal nr. 23

Flytjandi: hestamannafélagið Logi

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi:

Lög og reglur LH

Grein 8.1.4.3. Skeifur, hljóðar nú svo;

Sé hestur járnaður er einungis heimilt að nota skeifur sem sérstaklega eru gerðar til þess að þjóna sem skeifur fyrir hesta. Allir fjórir fætur skulu þá vera járnaðir. Allar fjórar skeifur þurfa að vera úr sama efni. Eðlisþyngd efnisins má ekki vera meiri en venjulegs skeifnajarns. Skeifan má að hámarki vera 10.0 mm að þykkt og 23,0 mm á breidd og skulu vera jafnar að lögun. Eðlilegt slit er leyft. Missi hestur skeifu/r skal knapi ákvarða hvort hann lýkur keppni án hennar eða ákveður að hætta keppni.

Ákvörðun dómara um lögmæti skeifu á tilteknu móti er endanleg fyrir það tiltekna mót.

Tillaga um breytingu á grein 8.1.4.3. (sjá feitletrað)

Hestur skal vera járnaður og einungis heimilt að nota skeifur sem sérstaklega eru gerðar til þess að þjóna sem skeifur fyrir hesta. Allir fjórir fætur skulu þá vera járnaðir. Allar fjórar skeifur þurfa að vera úr sama efni. Eðlisþyngd efnisins má ekki vera meiri en venjulegs skeifnajarns. Skeifan má að hámarki vera 10.0 mm að þykkt og 23,0 mm á breidd og skulu vera jafnar að lögun. Eðlilegt slit er leyft. **Missi hestur skeifu/r dæmist keppandinn sjálfkrafa úr leik.**

Ákvörðun dómara um lögmæti skeifu á tilteknu móti er endanleg fyrir það tiltekna mót.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd styður þessa tillögu alls ekki óbreytta og telur hana skapa fleiri vandamál en hún leysir. Allt of mörg tilvik eru þekkt þar sem svo afdráttarlaust ákvæði hefði dæmt hest og knapa úr leik að ósekju. Keppnisnefnd telur að sú staðreynd og tilfinning að sífellt fleiri tapi skeifum í keppni stafi að hluta til af sí stækkandi hófum og þyngri fylliefnum. Hún er því með tillögu um að taka að nýju upp takmörk stærð hófa og reyna þannig að henda reiður á þessu vandamáli, sjá þingskjal nr. 29.

Þingskjal nr. 24

Flytjandi: hestamannafélagið Máni

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytinga: varðandi keppni í gæðingakeppni barnaflokks.

Börnin keppi efir sömu reglum og unglingar þ.e.a.s grein 7.7.4.2 sem er svona:

7.7.4.2 Barnaflokkur:

Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og/eða brokk og stökk. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

Verði

7.7.4.2 Barnaflokkur:

Riðnir skulu þrjú hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og yfirferðargangur, þ.e. annað hvort tölt eða brokk á langhliðum.

Úrslit verði þá riðin eins og í unglingskeppni

Greinargerð:

Í barnaflokk einum flokka hefur þurft að sýna stökk í úrslitum og hefur oft legið við slysum þess vegna. Þar sem kemst áfram á landsmótum getur þurft að sýna stökk sex sinnum á Landsmóti en þör í eldri flokkum aðeins í eitt skipti. Þetta fyrirkomulag er orðið úrelt og á ekki við lengur og skapar einungis stórhættu hjá yngstu keppendum. Börnin í dag ráða vel við að sýna sama verkefni og unglings.

Álit keppisnefndar LH:

Keppisnefnd styður ekki þessa tillögu. Að hennar mati er keppisformið gott og engin ástæða til breytinga, finnst reyndar einmitt að það sé gott að hafa grein í gæðingakeppni fyrir börnin sem er ekki of lík íþróttakeppninni.

Þingskjal nr. 25 **Flytjandi: hestamannafélagið Sörli**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 leggur til að keppendur í barna-, unglings-, og ungmennaflokki megi koma með fleiri en einn hest til forkeppni í gæðingakeppni, í sínum flokki. Keppendur velja einn hest til að keppa á í úrslitum, sama gildir um úrtöku fyrir landsmót.

Greinargerð:

Við teljum að leyfa eigi keppendum yngri flokka að fara með fleiri en einn hest til keppni og þannig láta dómara dæma um hvor eða hver hestanna sé bestur. Ljóst er að keppendur yngri flokka geta einungis farið með einn hest á Landsmót þar sem gæta verður jafnræðis á möguleikum barna, unglings og ungmenna til keppni á Landsmóti.

Þingskjal nr. 26 **Flytjandi: HÍDÍ**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi breytingar á kafla 5.5. í lögum og reglum LH

Núverandi kafli hljóðar:

5.5. Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

Verði að:

5.5 HÍDÍ gerir tillögur til dómaranefndar LH um skipun yfirdómara og hæfustu dómara sem völ er á. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd telur að tillagan leysi ekki þennan vanda.

Þingskjal nr. 27 **Flytjandi: HÍDÍ**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Mótshaldarar skulu sækja um íþróttadómara fyrir lögleg íþróttamót til HÍDÍ.

Greinargerð:

Nauðsynlegt er fyrir stjórn HÍDÍ að skipa dómara á öll lögleg mót. Tryggir það að allir dómara fái tækifæri til að dæma og að sömu dómara dæmi ekki alltaf á sömu stöðum.

Álit keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd telur að tillagan leysi ekki þennan vanda.

Þingskjal nr. 28 **Flytjandi: HÍDÍ**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi tillögu: Þau pör (hestar og knapar) sem veljast inn á töltmót á Landsmóti skulu hafa náð árangri sínum á WR móti (World Ranking).

Greinargerð:

Til að tryggja að bestu pörin nái að komast í töltkeppnina á Landsmóti er áriðandi að árangur þeirra hafi verið á móti skipuðum 5 lands- og alþjóðadómurum.

Álit keppnisnefndar LH:

Nefndin bendir á að þetta er ekki í höndum þings eða LH. Framkvæmdanefnd hvers Landsmóts tekur ákvörðun um þátttökurétt í töltkeppni Landsmóts.

Þingskjal nr. 29 **Flytjandi: Keppnisnefnd LH**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Greinin hljóðar nú svo:

Grein 8.1.4.2. Lengd hófs.

Lengd hófsins skal vera eðlileg. Hófveggurinn má ekki vera lengri en 10mm niður fyrir hófbotn, mældur á tásvæði. Allar gervilengingar eru bannaðar.

Tillaga keppnisnefndar:

Grein 8.1.4.2. Lengd hófs

Lengd hófs skal vera eðlileg. Hófurinn má ekki vera lengri en 10,5 cm mældur á tásvæði. Allar gervilengingar eru bannaðar.

Greinargerð:

Keppnisnefnd telur að sú staðreynd og tilfinning að sífellt fleiri tapi skeifum í keppni stafi að hluta til af sí stækkandi hófum og þyngri fylliefnum. Hún er því með þá tillögu að taka að nýju upp takmörk á stærð hófa og reyna þannig að henda reiður á þessu vandamáli.

Í framhaldi, verði þessi tillaga samþykkt, telur keppnisnefnd eðlilegt að leggja samsvarandi tillögu frá á þingi FEIF í febrúar.

Þingskjal nr. 30 **Flytjandi: Keppnisnefnd LH**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Greinin hljómar svo:

Grein 7.6.2.1. Úrslit í A flokki:

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar. Brokk skal sýna minnst tvær langhliðar heilar.
- Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.

- Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd

Myndi hljóma:

Grein 7.6.2.1. Úrslit í A flokki:

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.
- Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd

Greinargerð:

Vísast í greinargerð með tillögu Fáks um breytingar á úrslitakeppnin gæðingakeppninnar.

Þingskjal nr. 31 **Flytjandi: Tölvunefnd LH**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

57. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að félagskerfi ÍSÍ, Felix verði eina löglega félagakerfi Landssambands hestamannafélaga.

Greinargerð:

Í dag nota flestöll hestamannafélögin FELIX og skila inn upplýsingum um aðildarfélaga til Landssambands hestamannafélaga. Kerfið er frítt til afnota fyrir aðildarfélög ÍSÍ.

Það einfaldar allt utanumhald á félagaskráum Landssambands hestamanna að hafa eitt kerfi. Tryggt er að réttar upplýsingar um aðildarfélaga LH séu til staðar í einu kerfi og verið er að einfalda og tryggja að réttar upplýsingar um aðildarfélaga og aðildarfélag séu skráðar inn í Mótafeng.

Mótafengur er keppniskerfi Landssambands hestamanna og mun verða tengt félagakerfi ÍSÍ, upplýsingar félagakerfisins verða keyrðar með reglubundnum hætti yfir í Mótafeng og þannig verður tryggt að alltaf sé verið að vinna með réttar upplýsingar.

Þingskjal nr. 32 **Flytjandi: Tölvunefnd LH**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

57. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að leyft verði að skila mótaskýrslum og skýrslum yfirdómnefnda á tölvutæku formi þegar mótahugbúnaðurinn fullnægir þeim kröfum sem gera þarf til hans í þessu skyni.

Greinargerð:

Í dag skulu mótshaldarar, skv. viðauka 9 í reglum LH, skila mótaskýrslu og skýrslu yfirdómnefndar eftir að móti lýkur. Prenta þarf út þessar skýrslur og senda þær undirritaðar af skilgreindum aðilum mótsins.

Til þess að einfalda ferlið leggjum við til að mótahugbúnaður LH (MótaFengur og Kappi) verði gerður þannig úr garði að hægt verði að skila tölvutækum mótaskýrslum beint úr hugbúnaðinum og að þau skil teljist fullnægjandi skil mótaskýrslum til LH.

Vinna verður sett af stað, í samvinnu við dómarafélögin og keppnisnefnd LH, til þess að tryggja að þetta sé gert með réttum formerkjum. Sérstaklega þarf að huga að því á hvern hátt tryggja megi að skýrslurnar séu staðfestar af réttum aðilum.

Vegna kostnaðar er ekki hægt að fara út í að gera viðkomandi breytingar á hugbúnaðinum nema Landsþing samþykki að fara þessa leið.

Þingskjal nr. 33 **Flytjandi: Hestamannafélagið Hörður**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið að Kirkjubæjarklaustri dagana 24. og 25. október 2008, samþykkir að Skógarhólanefnd verði endurreist og gengið verði nú þegar til viðræðna við Þingvallanefnd um áframhaldandi umsjón, rekstur og uppbyggingu á Skógarhólum í samvinnu við Þingvallanefnd og aðra er málið varðar.

Greinargerð:

Skógarhólar eru tengdir hestamenskunni órjúfanlegum böndum, bæði sem fjölsóttur áningarstaður og sem fyrsti landsmótsstaðurinn. Þótt Skógarhólar séu á Suðvesturlandi, varða þeir alla landsmenn því Skógarhólar eru í þjóðbraut allra sem ferðast milli landshluta á sunnan og vestanverðu landinu.

Ef aðstaða hestamanna verður lögð niður þá gæti það verið fyrsta skrefið í þá átt að umferð hrossa í þjóðgarðinum verði bönnuð.

Í stað þess að gefa staðinn frá sér er lagt til að Skógarhólanefnd verði endurvakin með fjölþættara hlutverki en áður með fjölbreyttari rekstri og metnaðarfullri uppbyggingu staðarins í samvinnu við Þingvallanefnd og fleiri að leiðarljósi. Ný Skógarhólanefnd starfi sjálfstætt og jafnvel er hugsanlegt að stofnað verði fyrirtæki með svipaðri tengingu við LH

og Landsmót ehf. Setja verður slíkri nefnd eða rekstrareiningu raunhæf markmið um uppbyggingu því tryggja þarf góðan aðgang hestamanna að Skógarhólum.

Bingskjal nr. 34 **Flytjandi: Hestamannafélagið Hörður**

Lagt fyrir: _____

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið að Kirkjubæjarklaustri dagana 24. og 25. október 2008, samþykkir að settar verði skýrar reglur um lágmarksaðstöðu knapa, keppnishesta og gesta á landsmótssvæðum.

Til dæmis:

1. Knapasvæðið verði á jaðarsvæði, vel merkt og afgirt með einu aðgangsstýrðu hliði. Félögin fái úthlutað armböndum sem stjórn hvers félags sér um að úthluta þeim sem heimilt er að tjalda og geyma hesta í búðunum. Kyrrð verði komin á í búðunum kl. 11.00
2. Beitarhólf verði að lágmarki 150 m² á hvern hest. Ef ekki er aðstaða til að hafa hest í beitarhólfum má mæta þessari kvöð með aðstöðu í hesthúsum.
3. Aðgangur að vatni verði greiður og hvergi lengra en 25 metra frá beitarhólfi. Það fyrirkomulag sem var á síðasta Landsmóti þar sem lagnir voru fræstar í jörð reyndist ágætlega.
4. Fullnægjandi snyrtingar með vatnssalernum og baðaðstöðu verði staðsettar á knapasvæðinu auk aðstöðu til uppþvotta.
5. Raflagnir fyrir hjólhýsi og fellihýsi. Gerð verði könnun á þörfinni fyrir raflagnir hjá hestamannafélögunum. Ljóst er að þessi þörf fer vaxandi og
6. Salernisaðstaða á Landsmótsstað sé fullnægjandi og mannsæmandi því mikilvægt að mæta henni fyrir hvert Landsmót..

Greinargerð:

Nú að afstöðnu ágætu Landsmóti teljum við að taka þurfi þétt á einu ákveðnu atriði sem var til háborinnar skammar á landsmótssvæðinu, en það er aðstaða knapa og tilheyrandi beitarhólf fyrir keppnishesta. Við sem bjuggum í knapabúðunum í 10 daga þurftum að standa í ströngu á fimmtudags, föstudags og laugardagsnótt ásamt björgunarsveit og lögreglu við að verja svæðið og hestana fyrir ágangi skríls sem flæddi yfir búðirnar.

Að minnsta kosti tvær alvarlegar líkamsárásir voru gerðar af utanaðkomandi unglingum sem lögregla þurfti að hafa afskipti af, þétt við girðingu sem keppnishestar voru geymdir í. Þegar við óskuðum eftir hjálp var vöktunin tvöfölduð á svæðinu af hjálpsömum björgunarsveitarmönnum, en þrátt fyrir það reyndist erfitt að verja svæðið.

Ástæðan var sú að svæðið var nánast ómerkt, óafgirt og illa skilgreint, þannig að unglingarnir slógu upp tjöldum innan um knapana án þess að vita að þeir væru á því svæði. Auk þess var aðkoman að unglingabúðunum að hluta í gegnum knapasvæðið. Knapar sem áttu að keppa í úrslitum á laugardag og sunnudag fengu ekki svefnfrið og

Það varð að vera vakt um hestana þar sem við komum að unglíngum sem voru í annarlegu ástandi að leika sér að hoppa á bak.

Við höfðum einnig stórar áhyggjur af því að einhverjum snillingnum þætt fyndið að opna girðingarnar og hleypa hestunum út, en þá hefði verið opin leið fyrir þá óhindrað út á þjóðveg. Þetta ástand er bæði óþolandi og óþarft, auðvelt er að staðsetja og ganga þannig frá knapabúðunum að þær séu afgirtar, utan við alfaraleið og aðgangsstýring auðveld fyrir hjálparsvéitir. Einnig var snyrtiaðstaða til skammar á svæðinu. Við leggjum því til að settar verði skýrar reglur um lágmarksaðstöðu á Landsmótstöðum fyrir knapa, keppnishesta og gesti.